



## Missið ekki af tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Vaasa borgar í kvöld

Það er ekki á hverjum degi sem sinfóníuhljómsveit kemur í heimsókn til Íslands og því eru mikil tíðindi í tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Vaasaborgar í Finnlandi á Listahátíð í Reykjavík. Á efnisskránni er allt frá Síbelúsi til franskra söngljóða og einnig verður Flautukonsert nr. 2 eftir Atla Heimi Sveinsson frumfluttur á Íslandi. Hvorki meira né minna en þrír einleikarar og einn söngvari koma fram á tónleikunum: **Bryndís Halla Gylfadóttir**, selló; **Kolbeinn Bjarnason**, flauta; **Tatu Kantoma**, harmónikka; og **Jorma Uotinen** "chanson"-söngvari. Stjórnandi er Guðni Franzson.

Skoða dagskrá og kaupa miða: [www.listahatid.is](http://www.listahatid.is) og [www.midi.is](http://www.midi.is)



## Af ástum manns og hrærivélar - frumsýning á morgun

Heimilistækjasirkusinn **Af ástum manns og hrærivélar** er frumsýndur í Þjóðleikhúsinu á morgun. Það eru Ólafía Hrönn Jónsdóttir og Kristján Ingimarsson sem leika í sýningunni þar sem við sögu koma Nilfisk sjónhverfingar, flöggrandi forréttir, samhæfður klúttadans og hrærivélasamdrættir. Einstakur húmor, færni og hugmyndaflug eru einkennismerki listafólksins sem kemur að þessu verki. Leikstjóri er Valur Freyr Einarsson, Ilmur Stefánsdóttir sér um leikmynd og búninga og tónlistin er eftir Davíð Þór Jónsson

[Hægt er að skoða myndbrot úr verkinu hér.](#)



## Vinnustofutónleikar - stefnumót tónlistar og myndlistar

Í ár leiðir Listahátíð saman myndlistarmenn og tónlistarmenn á **Vinnustofutónleikum**, þar sem myndlistarmenn opna vinnustofur sínar fyrir tónleikum tónlistarfólks. Hér er á ferð einstakt tækifæri til upplifunar jafnt fyrir myndlistar- og tónlistaráhugamenn. **Alls er um 12 tónleika að ræða sem hefjast á klukkutíma fresti um allan bæ helgina 22. – 23. maí.** Meðal myndlistarmanna sem taka þátt eru: Gjörníngaklúbburinn, Haraldur Jónsson, Kristín Gunnlaugsdóttir, Davíð Örn Halldórsson og Magnús Pálsson og meðal tónlistarfólks eru: Óskar Guðjónsson, Laufey Sigurðardóttir, Elísabet Waage, Anna Guðný Guðmundsdóttir, Freyja Gunnlaugsdóttir, Hanna Dóra Sturludóttir, Kristinn Árnason, Sigríður Thorlacius, Þóra Einarisdóttir, Nýlókórinn og margir fleiri. [Skoða](#)



## Leikur að ljósi á hvítasunnudag - Kammerhópurinn Adapter og Halldór Úlfarsson

**Þýsk/íslenski kammerhópurinn Adapter** sérhæfir sig í flutningi samtímatónlistar og vinnur náið með ungum tónskáldum, myndlistarmönnum, dönsurum og rithöfundum. Á Listahátíð kannar hópurinn sjónræna eiginleika tónlistarinnar og hljóðræna eiginleika ljóssins **ásamt myndlistarmanninum Halldóri Úlfarsyni.**

Þau munu frumflytja á Íslandi splunkuný tónverk eftir tvö finnsk tónskáld, **Antti Auvinen** og **Sami Klemola**, sem samin voru sérstaklega fyrir hópinn. Þar á meðal hljóðfæra eru ljósaperur, lazergeislar og eldur ásamt „ljóshljóðfærum“ Halldórs. Á efnisskránni eru einnig meistaraverk nútímatónbókmenntanna sem flutt verða í samspili ljóss og skugga: **Lumen eftir Franco Donatoni** og **A Twilight Song** eftir Matthias Pintscher.

[dagskrá vinnustofutónleika og  
kaupa miða hér](#)

[Sjá nánar og kaupa miða](#)



Listahátíð í Reykjavík / Reykjavík Arts Festival | Lækjargata 3b | Pósthólf 88 | 121 Reykjavík  
Sími [+354] 561 2444 | Fax [+354] 562 2350 | [www.listahatid.is](http://www.listahatid.is) | [artfestiðartfest.is](http://artfestiðartfest.is)

Ef þú sérð ekki póstinn smelltu [hér](#) - Smelltu [hér](#) til að skrá þig úr Klúbbi Listahátíðar